

Því dæmist rétt vera:

Gestaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjandi Brandur Bjarnason greiði stefnda Magnús Blöndahl í Reykjavík í málskostnað fyrir yfirdómi 30 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 25. október.

Nr. 11/1909:

Árni Sveinsson

gegn

Hannes Thorsteinson

fyrir hönd Leontio Warburgs Sön & Co.

Dómur:

Mál þetta höfðaði Hannes Thorsteinson yfirréttarmálaflutningsmaður fyrir hönd hinna stefndu Leontio Warburgs Sön & Co. í Kaupmannahöfn fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar á hendur áfrýjandanum, Árna Sveinsyni kaupmanni á Ísafirði, og lauk því svo með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 10. marz þ. á., að áfrýjandi var dæmdur til að greiða hinum stefnda viðskiftaskuld kr. 6389,13, með 6% vöxtum frá 30. apríl 1906 unz greitt yrði, og 30 kr. í málskostnað.

Þessum dómi hefir áfrýjandinn skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 13. maí þ. á., og krafist þess, að dómurinn verði feldur úr gildi, áfrýjandi sýknaður af

öllum kærum og kröfum hinna stefndu og þeir dæmdir í málskostnað eftir mati yfirdómsins. Hinir stefndu krefjast þess aftur á móti, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, og að þeim verði dæmdur málskostnaður eftir mati réttarins.

Viðskifti þau, er mál þetta er risið út af, byrjuðu árið 1903. Þá um vorið, er áfrýjandi var staddur í Kaupmannahöfn, samdi hann við hina stefndu meðal annars um það, að þeir skyldu senda honum timburfarm til Ísafjarðar þá um sumarið. Hann samþykkti þá og víxil frá stefndu, að upphæð kr. 2229.60. Þessi fjárhæð átti þó ekki að vera borgun upp í viðarfarminn, en áfrýjandi ætlaði með víxlinum að hjálpa öðrum manni til að borga skuld, er hann var í við stefndu. Viðarfarmurinn kom til Ísafjarðar í júnimánuði, og sendu hinir stefndu stjórn sparisjóðsins þar farmskjölin, með þeim fyrirmælum, að þau skyldu afhent áfrýjanda, gegn því að hann greiddi andvirði farmsins og flutningsgjald kr. 6523.50, eða setti tryggingu, er sparisjóðnum þætti nægileg fyrir því, að fé þetta yrði greitt hinum stefndu í byrjun ágústmán. s. á. Áfrýjandi gat eigi eða vildi eigi ganga að þessum kostum, og sparisjóðsstjórnin sendi því eftir fyrirlagi hinna stefndu P. J. T. Halldórssyni, sem þeir tjáðu vera fulltrúa sinn í þessu máli, farmskjölin til ráðstöfunar, en hann afhenti áfrýjanda farminn og fól honum að selja timbrið og sjá um að andvirðið, fyrgreind upphæð kr. 6523.50 yrði greitt stefnda fyrir 1. ágúst. Samkvæmt því seldi áfrýjandi trjáviðinn, eða svo mikið af honum, sem nam téðri upphæð, og hafa hinir stefndu fengið greitt kr. 1243.96 af andvirðinu, en meiri hluti þess kr. 5291.27, sem áfrýjandi gaf hinum stefndu ávisun fyrir 18. júlí s.

á. á hendur Louis Zöllner í Newcastle, sem keypti mestan hluta farmsins, fengu þeir ekki greiddan, með því að Zöllner innleysti ekki ávísunina.

Í reikningi (Konto Kurant) hinna stefndu til áfrýjanda fyrir árið 1903 eru 2 framangreindir póstar, víxilupphæðin kr. 2151.42 og timburverðið, kr. 6523.50 taldur áfrýjanda til skuldar, og er ágreiningur málsaðilanna fyrir yfirdómi aðallega um þá með því að áfrýjandi heldur því fram, að engin heimild sé til að krefja sig um þessar fjárhæðir.

Um víxilkröfuna skýrir áfrýjandi svo frá, að hann hafi samþykkt víxilinn til þess að hjálpa P. J. T. Halldórssyni til að borga skuld hans til stefndu, en það hafi verið skilyrði frá sinni hálfu og loforð af hálfu hinna stefndu, að hann (áfrýjandi) yrði aldrei krafinn um víxilupphæðina þannig, að hann þyrfti að borga hana úr eigin vasa. Þessi skýrsla styðst þó ekki við neitt er fram er komið í málinu annað en vefengdan og óeiddfestan vitnisburð P. J. T. Halldórssonar. En hins vegar sést það af bréfi áfrýjanda til stefndu og er viðurkennt af honum, að hann hefir innleyst umræddan víxil með því að greiða stefndu upp í hann 500 kr. og samþykkja víxil handa þeim fyrir afganginum, og hann tók á móti ársreikningnum 1903 frá stefndu umyrðalaust um þessa víxilupphæð. Hinir stefndu lýsa það algjörlega rangt, að víxillinn hafi verið bundinn neinu skilyrði eða loforði, enda verður það eigi talið sennilegt, að stefndu hefðu álitnið sig neinu nær, að ná skuld sinni hjá P. J. T. Halldórssyni, þó að áfrýjandi hefði látið þeim í té víxil fyrir skuldinni, er honum var eigi skylt að innleysa. Það verður því eigi á það fallist, að áfrýjandi sé ranglega krafinn af stefndu um þessa víxilupphæð.

Mótmæli sín gegn kröfu hinna stefndu um andvirði viðarfarmsins byggir áfrýjandi á því, að hann hafi eigi keypt viðinn af stefndu, en P. J. T. Halldórsson hafi fengið sér hann í umboðssölu; hafi áfrýjandi ráðstafað farminum eftir fyrirmælum hans og í samráði við hann sem fulltrúa hinna stefndu; með hans samþykki hafi það verið að áfrýjandi seldi Zöllner meiri hluta farmsins og gaf út ávísun á hann fyrir andvirðinu, og þegar þessi ávísun var komin í hendur hinum stefndu og eftirstöðvar af timburverðinu kr. 1243.96, sem fyr getur, hafi P. J. T. Halldórsson litið svo á, að fult andvirði farmsins væri komið í hendur umbjóðendum sínum. Þessi frásögn áfrýjanda kemur heim við vitnisburð P. J. T. Halldórssonar í málinu, óeðfestan þó, og áfrýjandi hefir lagt fram skjal frá honum, dags. 21. marz 1908, er segir áfrýjanda kvittan af öllum kærnum og kröfum hinna stefndu.

Bréfaviðskifti áfrýjanda við hina stefndu benda þó á, að málavextir séu á annan veg en hann skýrir frá. Í ársreikningi 1903, er stefndu sendu áfrýjanda með bréfi 14. janúar 1904, var, eins og fyr er getið, timburverðið alt talið honum til útgjalda, og beiddu stefndu hann að færa upphæðina, er hann skuldaði samkvæmt reikningnum, inn í næsta viðskiftareikning og láta þá fá viðurkenningu fyrir henni við tækifæri. Í bréfi 29. febr. s. á. kannast áfrýjandi við að hafa meðtekið reikninginn og gjörir athugasemdir við nokkrar oftaldar vaxtaupphæðir, en finnur ekki að því, að honum er færður timburfarmurinn til skuldar. Þetta, svo og það, að áfrýjandi hefir eigi gjört stefndu nein reikningsskil fyrir umboðssölu á viðarfarminum, verður að telja viðurkenningu af hans hendi um að hann hafi keypt farminn af stefndu, en ekki

haft hann í umboðssölu frá P. J. T. Halldórssyni, og er þetta í samræmi við önnur bréf áfrýjanda til stefndu, eftir að P. J. T. Halldórsson hafði afhent honum farminn. Í bréfi 8. júlí tilkynnir hann þeim, að hann hafi selt Zöllner mestan hluta farmsins og muni gefa út vixil á hendur honum til stefndu fyrir andvirðinu, en eftirstöðvar af timburreikningnum býst hann við að geta sent 4. ágúst. Með bréfi 8. júlí sendir hann stefndu farmskírteini yfir timbrið, er hann seldi Zöllner og ávísun á hann dags. sama dag, sem áður er sagt, og endurtekur loforð sitt um að senda þeim eftirstöðvarnar 4. ágúst, og loks kemst áfrýjandi í bréfi 17. október svo að orði: »Í Tilfælde af at Hr. Zöllner ikke har udbetalt Anvisningen, har jeg stillet Hr. Kr. Halldórsson paa Hr. P. J. T. Halldórssons Anmodning Sikkerhed, saaledes at De aldrig kommer til at tabe ved Sagen«. Alt þetta sýnir, að áfrýjandinn leit svo á, að hann væri í skuld við hina stefndu um timburverðið og ætti að greiða þeim það, en skoðaði sig ekki sem umboðsmann P. J. T. Halldórssonar við sölu á viðarfarminum. Ávísun hans á hendur Zöllner verður að telja skilyrðislaust borgunarloforð, og það er eigi rétt, sem áfrýjandi heldur fram, að stefndu hafi fyrirgjört rétti sínum með því að vanrækja að innheimta hana eða ganga of seint eftir borgun á henni, því að þeir létu afsegja ávísunina 7. ágúst s. á. sökum greiðslufalls. Samkvæmt farmskírteini því, er áfrýjandi lét fylgja timbrinu til Zöllners og sendi hinum stefndu eitt eintak af, afgreiddi hann að sönnu timbrið fyrir hönd stefndu, svo að eftir því áttu þeir að vera seljendur og eiga aðgang að Zöllner um timburverðið; en hafi þetta verið hugsun áfrýjanda, þegar hann sendi farmskírteinið, þá hefir

hann horfið frá henni síðar, eins og fyrgreind bréf hans 17. okt. 1903 og 29. febr. 1904 til stefndu sýna. Áfryjandi var því kaupandi farmsins og átti að standa þeim skil á andvirðinu.

Þá er það ennfremur varnarástæða áfryjanda, að hann hafi gjört umboðsmanni stefndu P. J. T. Halldórssyni full skil fyrir andvirði viðarfarmsins á þann hátt, að hann hafi afsalað honum muni þá, er hann hafði veðsett stefndu fyrir skuldinni og fengið fullnaðarkvittun fyrir henni 21. marz 1908, sem fyr segir. En hinir stefndu segja þessa kvittun hans markleysu og mótmæla því, að hún komi til nokkurra greina; hún sé gefin út löngu eftir að mál þetta var höfðað, og P. J. T. Halldórsson hafi aldrei, sít eftir að mál þetta byrjaði, 17. ágúst 1906, haft neitt umboð til að taka á móti borgun á skuldinni eða kvitta fyrir hana vegna stefndu.

Eins og áður er sagt, vísuðu hinir stefndu sparisjóðs-stjórninni á Ísafirði á P. J. T. Halldórsson sem fulltrúa sinn til að ráðstafa timburfarminum, ef á þyrfti að halda, og í bréfi til áfryjanda 22. júlí 1905 segja þeir, »at det forholder sig rigtigt, at P. J. T. Halldórsson var vor Repræsentant i den omhandlede Sag«, enda hafði hann þá og virðist enn hafa undir höndum muni þá, er áfryjandi veðsetti fyrir timburverðinu. Hversu umboði þessu hefir verið háttað, sést ekki af skjölum málsins, en það verður að telja vist, að eftir að P. J. T. Halldórsson fekk vitneskju um að mál þetta var höfðað, en það fekk hann í bréfi áfryjanda 1. sept. 1906, hafi hann eigi haft heimild til að gjöra neitt, er færi í bága við ráðstöfun stefnda til að ná inn skuldinni með málssókn. Hann var því ekki eftir það bær um að taka hina veðsettu muni til eignar fyrir

ir hönd stefndu eða kvitta fyrir allri skuldinni. Fyrgreind kvittun hans 21. marz 1908 verður því eigi talin gild og getur eigi losað áfrýjanda við greiðslu skuldarinnar, með því að honum hlaut að vera ljóst, að þessar ráðstafanir P. J. T. Halldórssonar væru óheimilar, eftir að stefndu höfðu falið öðrum manni að innheimta skuldina með lögsókn.

En áður en málið var höfðað, eða fyrir 1. janúar 1906, voru greiddar kr. 2621.60 til P. J. T. Halldórssonar fyrir nokkra af hinum veðsettu munum, er komið hafði verið í peninga. Hinir stefndu hafa reyndar vefengt þetta, en mótmæli þeirra ein geta eigi hrundið yfirlýsingu umboðsmanns þeirra um þetta atriði, enda er það ómótmælt og sést í ársreikningi hinna stefndu 1904 til áfrýjanda, að 1200 kr. af nefndri upphæð fyrir saltfisk, er var partur af verðinu, hafa verið greiddar stefndu og eru taldar áfrýjanda til tekna í reikningnum. Þessi greiðsla og kvittun P. J. T. Halldórssonar fyrir henni verður að teljast gild gagnvart hinum stefndu, og á því áfrýjandi rétt á, að nefndar kr. 2621.60 verði dregnar frá kröfu þeirra, að því leyti sem þær hafa ekki komið til reiknings, en af þeim eru 1200 kr., sem fyr segir, færðar tekjumegin hjá áfrýjanda í reikningnum 1904. Samkvæmt þessu ber að færa niður kröfu hinna stefndu um kr. 1421,60, en dæma áfrýjanda til að greiða þeim kr. 4967,53, með vöxtum eins og segir í gestaréttardóminum. Ákvæði hans um málskostnað staðfestast og, en málskostnað fyrir yfirdóminum þykir rétt að láta falla niður.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandinn, Árni Sveinsson kaupmaður, greiði
Hannesi Thorsteinson yfirréttarmálaflutningsmanni

fyrir hönd hinna stefndu Leontio Warburgs Sön & Co. 4967 kr. 53 a. með 6% vöxtum frá 30. apríl 1906 til borgunardags. Um málskostnað í héraði á gestaréttardómurinn að vera óraskaður. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 15. nóvember.

Nr. 33/1909:

Sigríður Guðjónsdóttir
Anna Runólfsdóttir,
Margrét Guðmundsdóttir
Þóra J. Einarsson,
Nicolai Hansen og
Jórunn Bjarnadóttir
gegn
Sigríði Jónsdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur af hinni stefndu, er áður var ráðskona í geðveikrahælinu á Kleppi, út af ummælum, er stefnendurnir, er voru hjúkrunarfólk í nefndu hæli, hafa haft um stefndu í erindi til stjórnar hælisis, dags. 10. júní 1908, en hin átöldu ummæli eru þessi: »Hún hefir smittandi sjúkdóm og er sóðafengin með mat; þar af leiðandi álitum við að framtíð heilsu okkar sé í voða stödd«, og krafðist stefnda þess fyrir